


## 6. FJÖLSKYLDAN OG AÐRIR UMSJÁRAÐILAR

*Fjölskyldan er í eðli sínu frumeining samfélagsins og ber samfélagi og ríki að vernda hana.*

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, 3. mgr. 16. greinar.



Barnasáttmálinn viðurkennir fjölskylduna sem þann eðlilega vettvang sem veitir börnum besta vernd og skapar þeim skilyrði til að þroskast á heilbrigðan hátt. Barnið á rétt á umönnun, öryggi og uppeldi sem virðir það sem einstakling. Í 3. grein Barnasáttmálans segir að með réttindum og skyldum foreldra skuli hagsmunum barnsins best gætt.

Sérhvert barn á rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra (7. grein). Barnasáttmálinn leggur ábyrgð á herðar bæði foreldra og ríkis varðandi velferð barna. Aðildarríkin skulu virða aðal-ábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska hvíli á foreldrunum (5. grein), og gera ráðstafanir til að þeir fái viðeigandi aðstoð við að rækja uppeldisskyldur sínar (18. grein). Foreldrar bera einnig höfuðábyrgð á því að sjá barni fyrir viðunandi lífsskilyrðum, en séu þeir ekki færir um að sjá fyrir barninu og annast það skulu aðildarríki sjá fyrir stuðningsúræðum (27. grein).

Foreldrar skulu veita barni leiðsögn eftir því sem við á, á þann hátt sem samræmist **vaxandi þroska** þess, þ.e.a.s. viðurkenna að eftir því sem barnið verður eldra skuli það hafa meira að segja um eigin mál (14. grein). Samkvæmt Barnasáttmálanum ber foreldrum að líta á barn sem fullgildan þjóðfélagsþegn með réttindi og skyldur en ekki sem eign sína.

### Hvað er fjölskylda?

Auk hinnar hefðbundnu kjarnafjölskyldu þar sem foreldrarnir lifa í hjónabandi og eiga sín börn eru fjölskyldumynstur Evrópubúa af ýmsu tagi, svo sem:

- stórfjölskylda þar sem margar kynslóðir búa saman
- fjölskylda með einu foreldri, þar sem hitt foreldrið er ekki til staðar vegna skilnaðar, andláts eða af öðrum ástæðum
- kjör- eða fósturfjölskylda
- samsett kjarnafjölskylda með blóðforeldri og stjúppforeldri og stundum með bæði líffræðilegum systkinum og stjúp-systkinum
- sambúð þegar tveir einstaklingar búa saman en eru ekki giftir



- fjölskylda þar sem foreldrar eru af sama kyni
- fjölskylda þar sem börn alast upp hjá afa sínum og ömmu

Stöðugt verður algengara að börn flytjist úr einu fjölskyldumynstri í annað og búi hjá öðru foreldri sínu eða hjá stjúpföreltrum. En í öllum Evrópulöndunum alast þó minnst tveir þriðju hlutar allra barna enn lengst af upp hjá báðum blóðforeldrum sínum.

En hvert sem fjölskyldumynstrið er, þá bera báðir foreldrarnir jafnmikla ábyrgð á uppeldi barna sinna, jafnvel þótt þeir hafi gengið í gegnum skilnað. Í 18. grein Barnasáttmálans segir að foreldrar beri sam-eiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Víða um Evrópu vinna stjórnvöld að umbótum á reglugerðum sem varða fjölskylduna og þarfir hennar, svo sem reglum um fæðingarorlof fedra og barnagæslu fyrir útívinnandi foreldra. Ákvæðið um jöfn tækifæri barna, án tillits til kyns, stöðu eða efnahags fjölskyldunnar, er mikilvægur liður í því að styðja við fjölskylduna og ábyrgð hennar á uppeldi barnanna.

## Áskoranir evrópskra fjölskyldna

Evrópskar fjölskyldur standa frammi fyrir ýmsum vandamálum:

- **Útívinnandi foreldrar:** Stöðugt fleiri foreldrar eru báðir útívinnandi. Langur vinnutími og togstreita milli vinnu og fjölskyldulífs skapar mörg vandamál. Að minnsta kosti 10% foreldra í Evrópusambandinu og 15% í nýju Evrópusambandsríkjunum segjast eiga erfitt með að sinna fjölskyldu sinni vegna of mikillar vinnu, og foreldrar barna undir þriggja ára aldri eiga í mestum vanda.<sup>1</sup>
- **Einstæðir foreldrar:** Að meðaltali búa um 80% barna í Evrópulöndunum hjá báðum foreldrum sínum. Það er þó töluvert mismunandi eftir löndum, allt frá 90% í Grikklandi og Ítalíu til innan við 79% í Bretlandi. Þessar tölur endurspeglar mikla landfræðilega dreifingu þar sem innan við 9% barna í Belgíu, Grikklandi, Ítalíu, Portúgal og Spáni búa með einstæðu foreldri en allt að 15% í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Milli 10 og 15% barna búa með einstæðu foreldri í Austurríki, Tékklandi, Frakklandi, Þýskalandi, Ungverjalandi, Hollandi, Póllandi og Sviss.<sup>2</sup>

Evrópuráðið hefur tekið á þessum vanda með ýmsum ráðum. Árið 2006 lagði ráðherranefndin fram tilmæli til aðildarríkjanna um hvernig auka skuli færni foreldra. Þar var foreldrafærni skilgreind þannig að „hagsmuna barns sé gætt eins vel og unnt er, það fái gott uppeldi og hvatningu, og þá viðurkenningu og leiðsögn sem felst í því að setja barninu mörk til að það nái að þroskast á heilbrigðan hátt.“ Í tilmælunum var enn fremur lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

- foreldrafærni
- opinbera þjónustu til stuðnings foreldrum
- aðstoð við foreldra sem eiga á hættu að einangrast félagslega
- jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs
- dagvistunarúrræði fyrir börn<sup>3</sup>

Árið 2006 birti Evrópuráðið einnig skýrslu um foreldrafærni í Evrópu nútímans, þar sem lögð var áhersla á foreldrahlutverkið, umönnun barna og uppeldi án ofbeldis. (Sjá 13. efnisflokkinn um *ofbeldi*, bls. 272). Í skýrslunni voru eftirfarandi atriði sögð börnum mikilvægust:

- **Grunnumönnun:** Að líkamlegum þörfum barnsins sé sinnt (það njóti t.d. matar, húsaskjól, hreinlætis, klæða og lækniþjónustu).
- **Öryggi:** Að barnið sé verndað gegn hættum, bæði á heimilinu og utan þess.
- **Tilfinningahlýja:** Að þess sé gætt að barnið fái tilfinningalegan stuðning og því finnist það metið að verðleikum.
- **Örvun:** Að námshæfileikar barnsins og vitsmunáþroski þess sé örvaður með því að tala við það og taka þátt í leikjum þess, og séð um að barnið njóti menntunar.



- **Leiðsögn og mörk:** Að setja barninu mörk og sýna því hvernig hegðun er við hæfi.
- **Staðfesta:** Að þess sé gætt að barnið njóti ævinlega hlýju og umhyggju þess fólks sem skiptir það mestu.<sup>4</sup>

Í skýrslunni kom fram að börn kunni að vera aðskilin frá foreldrum sínum af ýmsum ástæðum: vegna skilnaðar, fjarveru foreldra vegna ferðalaga eða stríðsástands, andláts annars foreldris eða beggja, mannsals eða brottlaups. Hver svo sem ástæðan er hefur slíkur aðskilnaður djúpstæð áhrif á börn og ógnar velferð þeirra, menntun og þroska. Þess vegna eiga börn rétt á að vera hjá foreldrum sínum, nema í alvarlegum tilvikum þegar lögbær stjórnvöld ákveða að aðskilnaður sé nauðsynlegur með tilliti til hagsmuna barnsins (9. grein).

---

**SPURNINGAR:** *Hagsmunir barnsins eru grundvallaratriði í Barnasáttmálanum. En hver ákveður hvað er barni fyrir bestu? Hver ætti til dæmis að ákveða hvort það sé barni fyrir bestu að vera hjá vanhæfu foreldri? Eða öðrum í fjölskyldunni? Barnið? Ríkið? Hver annar?*

---

Það eru ekki allir foreldrar sem geta eða vilja annast barn sitt og ekki er öllum börnum fyrir bestu að vera hjá fjölskyldu sinni. Í 20. grein Barnasáttmálans segir:

*Barn sem tímabundið eða til frambúðar nýtur ekki fjölskyldu sinnar, eða sem með tilliti til þess sem því sjálfu er fyrir bestu er ekki unnt að leyfa að sé lengur innan um fjölskyldu sína, á rétt á sérstakri vernd og aðstoð ríkisvaldsins ... [sem skal] sjá barni sem þannig er ástatt um fyrir annarri umönnun.*

Þessum aðferðum er aðeins beitt ef brýna nauðsyn ber til. Í ýmsum Evrópulöndum bjóða barnaverndarkerfið og umönnunarstofnanir upp á vönduð úrræði fyrir börn í áhættuhópum. Í sumum löndum eru þó mörg börn vistuð á stofnunum að óþörfu og allt of lengi. Börn sem búa ekki hjá fjölskyldu sinni og njóta ekki umönnunar foreldra sinna eiga frekar á hættu að verða fyrir mismunun, illri meðferð og misnotkun en önnur börn, og eiga við tilfinningalega og félagslega erfiðleika að etja vegna vanrækslu. Huga þarf betur að úrræðum fyrir þessi börn, meðal annars með því að koma þeim í fóstur, óformlega eða formlega, eða til dvalar hjá skyldmönnum, og einnig með ættleiðingu. Félagspjónusta á vegum sveitarfélaga, svo sem dagvistun, foreldrafræðsla og heimilishjálp, er einnig nauðsynleg til stuðnings bæði foreldrum og öðrum aðstandendum, sem og félagasamtök sem annast þau börn sem geta ekki verið hjá foreldrum sínum af einhverjum ástæðum.

Í ýmsum borgum Evrópu má finna götubörn. Þau eru sýnileg – þau hafast við á götunni – þó eru ekki til nein áreiðanlega gögn um uppruna þeirra eða fjölda, sem gerir ráðamönnum afar erfitt um vik við að tryggja þeim nauðsynlega heilbrigðisþjónustu eða menntun og sjá til þess að þau séu óhult. Þau eru líka ósýnileg því að margir kjósa að hunsa þessi börn þar sem þau eru lifandi dæmi um verstu ágallana í vestrænu samfélagi. Þetta er alþjóðlegt vandamál og fer stigvaxandi, ástæðan er fátækt, upplausn fjölskyldunnar, líkamlegt og andlegt ofbeldi, vanræksla og ólga í samfélaginu. Götubörn eru berskjölduð. Vændi, mansal, afbrot, fíkniefni, ofbeldi af hálfu glæpagengja og jafnvel lögreglu ógnar mörgum þeirra og hjá öðrum er slíkt ískaldur veruleiki.

## Rætt við börn um fjölskyldumál

Þegar fjölskyldumál eru rædd við börn, ættu kennarar/leiðbeinendur að forðast staðlaða hegðun eða væntingar í hinum ýmsu fjölskyldumynstrum. Börnin þurfa að skilja og viðurkenna að til eru ýmiss konar fjölskylduform og finna til samkenndar og samstöðu hvert með öðru. Mikilvægt er að börnin fræðist um réttindi sín innan fjölskyldunnar, svo sem réttinn til þátttöku og að ofbeldi sé ekki beitt.

Umræður um fjölskyldulíf geta vakið upp erfiðar tilfinningar hjá sumum börnum, einkum á tánings-



aldri. Gott getur verið að hafa samráð við foreldra og umsjáraðila, nema ef komið hefur í ljós þegar verkefnavinnan fór fram að heimilisofbeldi hafi átt sér stað. Í slíkum tilvikum er mikilvægt að börnunum sé ljóst að ofbeldið er ekki þeim að kenna, þar með talin kynferðisleg misnotkun, og brýna skal fyrir þeim að leita til vina sinna og fullorðins fólks sem þau treysta. (Sjá 13. efnisflokkinn um *ofbeldi*, bls. 272.)

## Mikilvægir mannréttindasamningar

### Evrópuráðið

Í 8. grein Mannréttindasáttmála Evrópu er kveðið á um að sérhver maður eigi „rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta“ og að opinber stjórnvöld skuli eigi ganga á rétt þennan. Með þessum réttindum er lögð áhersla á hve mikilvægt sé að vernda fjölskylduna, þá þjóðfélagseiningu sem annast uppeldi flestra barna til fullorðinsaldurs.

Í 16. grein Félagsmálasáttmála Evrópu (endurskoðuðum) er kveðið á um rétt barna innan fjölskyldunnar:

*Í því skyni að tryggja nauðsynleg skilyrði fyrir fullum þroska fjölskyldunnar, sem er hornsteinn þjóðfélagsins, skuldbinda samningsaðilar sig til að efla efnahagslega, lagalega og félagslega vernd fjölskyldulífsins.*

Til eru aðrir Evrópuráðssamningar sem vernda réttindi barna sem eru óskilgetin eða ættleidd. Réttindi barna og hagsmunir þeirra eru í lagalegu tilliti tryggðir í Evrópusamningnum um réttindi barna.

### Sameinuðu þjóðirnar

Í **Mannréttindayfirlýsingunni** segir: „Fjölskyldan er í eðli sínu frumeining samfélagsins, og ber samfélagi og ríki að vernda hana“ (16. grein). Einnig er fjölskyldan þar tilgreind sem eitt af þeim sviðum lífsins, þar sem hverjum og einum er áskilinn réttur til að verða ekki fyrir yfiringangi af hálfu annarra (12. grein). Hún kveður einnig á um rétt allra til að „ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu“ (16. grein). Hugtakið fjölskylda er ekki skilgreint þar nánar, en á tuttugustu og fyrstu öldinni nær það hugtak yfir ýmiss konar fjölskyldumynstur, auk hinnar hefðbundnu kjarnafjölskyldu, þ.e. beggja foreldra og barna þeirra.

Í **Barnasáttmálanum** er jafnvel lögð enn meiri áhersla á fjölskylduna; í inngangi hans segir að hún sé ekki einungis grundvallareining samfélagsins, heldur einnig hið „eðlilega umhverfi til vaxtar og velfarnaðar allra meðlima sinna, en sérstaklega þó barna“, og jafnframt „að barn eigi að alast upp innan fjölskyldu ... til þess að persónuleiki þess geti mótast á heilsteypant og jákvæðan hátt“.

Í Barnasáttmálanum eru nákvæm ákvæði varðandi barn sem nýtur ekki fjölskyldu sinnar, hver svo sem ástæða þess er, hvatt er til þess að fjölskyldan geti sameinast, og viðurkennt að í sumum tilvikum þjóni það hagsmunum barnsins best að vera skilið frá foreldrum sem geta hvorki né vilja annast uppeldi þess á viðunandi hátt (9., 10., 20., 21. og 22. grein). Foreldrarnir bera þó aðalábyrgð á barninu. Ríkinu er skylt „að virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra, eða eftir því sem við á þeirra sem tilheyra stórfjölskyldu eða samfélagi“ (5. grein). Mikilvægi fjölskyldunnar varðandi skráningu barns kemur fram í 7. greininni og í meðfæddum rétti þess „til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra“ (7. grein). Foreldrar bera höfuðábyrgð á því að sjá barni fyrir þeim lífsskilyrðum sem eru því nauðsynleg til að komast til þroska í samræmi við það meginákvæði „að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska“ (18. og 27. grein). En ef foreldrar geta ekki annast börn sín sem skyldi skal ríkið veita þeim viðeigandi aðstoð (2. mgr. 18. greinar).

Líkt og Mannréttindayfirlýsingin bannar Barnasáttmálinn ólögmet afskipti af einkalífi barnsins, fjölskyldu, heimili eða ólögmet árás á sæmd þess eða mannorð (16. grein). Enn fremur á barnið rétt til menntunar sem beinist að því að „móta með því virðingu fyrir foreldrum þess, menningarlegri arfleifð þess, tungu og gildismati“ (29. grein, c-liður).



.....

### Gagnlegar heimildir

- *Changes In Parenting: Children Today, Parents Tomorrow*, ráðstefna ráðherra sem fara með málefni sem lúta að fjölskyldunni, lokayfirlýsing: Lissabon, Evrópuráðið, maí 2006: [www.coe.int/t/dg3/youthfamily/source/2006minconFinaldeclaration\\_en.pdf](http://www.coe.int/t/dg3/youthfamily/source/2006minconFinaldeclaration_en.pdf)
- *Child Poverty in Perspective: An overview of child well-being in rich countries*: UNICEF, Innocenti Research Centre, Flórens, 2007. [www.unicef-icdc.org/publications/pdf/rc7\\_eng.pdf](http://www.unicef-icdc.org/publications/pdf/rc7_eng.pdf)
- *Child Protection Information Sheet: Children Without Parental Care*: UNICEF, maí 2006: [www.unicef.org/protection/files/Parental\\_Care.pdf](http://www.unicef.org/protection/files/Parental_Care.pdf)
- Daly, Mary, ritstj., *Parenting in contemporary Europe: a positive approach*: Evrópuráðið, 2007.
- *Explanatory Report on Policy to Support Positive Parenting*, 983. fundur Evrópunefndarinnar um félagslega samheldni, CM (2006)194 add: Evrópuráðið, desember 2006.
- Flaquer, Lluís, *Poverty in Southern Europe*: Barcelona, Institute of Childhood and Urban World, Sociology Department, Universitat Autònoma de Barcelona, 2005: [http://devel.ciimu.org/webs/wellchi/reports/workshop\\_2/ww2\\_flaquer.pdf](http://devel.ciimu.org/webs/wellchi/reports/workshop_2/ww2_flaquer.pdf)
- Hantaris, Linda; Philipov, Dimiter; Billari, Francesco C., *Policy implications of changing family formation* (Population studies No. 49): Evrópuráðið, 2006.
- Krieger, Hubert, *Family Life in Europe: Results of recent surveys on quality of life in Europe*, fyrirlestur sem var fluttur á ráðstefnunni „Families, change and social policy in Europe“ undir forsæti Íra í ESB, Dublin, maí 2004: [www.eurofound.europa.eu/docs/areas/populationandsociety/krieger040513.pdf](http://www.eurofound.europa.eu/docs/areas/populationandsociety/krieger040513.pdf)
- *Rights of Children at risk and care*, Evrópuráðið, 2007.
- *Tilmæli nr. (2006)19 frá ráðherranefnd Evrópuráðsins til aðildarríkjanna um stefnu varðandi foreldrafærni*: Evrópuráðið, 2006. <http://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?id=1073507&BackColourInternet=9999CC&BackColourIntranet=FFBB55&BackColourLogged=FFAC75>
- *Which Are the Provisions in the Family Law that Foster Children's Well-being and Which Kind of Reforms Should Be Envisaged in this Respect?*, Wellchi Network Workshop 2: Sofia, Institute For Legal Studies, Bulgarian Academy Of Sciences, 2005: [www.ciimu.org/webs/wellchi/reports/workshop\\_2/w2\\_abstracts.pdf](http://www.ciimu.org/webs/wellchi/reports/workshop_2/w2_abstracts.pdf)

.....

### Tilvísanir

- 1 Krieger, Hubert, *Family Life in Europe: Results of recent surveys on quality of life in Europe*, fyrirlestur sem var fluttur á ráðstefnunni „Families, change and social policy in Europe“ undir forsæti Íra í ESB, Dyflinni, 2004.
- 2 *Child Poverty in Perspective: An overview of child well-being in rich countries*, UNICEF Innocenti Research Centre, 2007.
- 3 *Tilmæli nr. (2006)19 frá ráðherranefnd Evrópuráðsins til aðildarríkjanna um stefnu varðandi foreldrafærni*: Evrópuráðið, 2006.
- 4 *Explanatory Report on Policy to Support Positive Parenting*, 983. fundur Evrópunefndarinnar um félagslega samheldni, CM(2006)194 add: Evrópuráðið, 2006.

